



Miðvikudagur 6. október 2021.

Stjórnarfundur í Fjáreigendafélagi Reykjavíkur.

15. fundur

Mættir: Sveinbjörn Guðjohnsen (SG), Ásgrímur Jörundsson (JÁ), Finnur Kristinsson (FK), Kolbrún Kristín Birgisdóttir (KKB) og Erla Guðmundsdóttir (EG).

1. FK kynnti tillögu að viljayfirlýsingum Fáki. Tvær tillögur. Önnur þar sem báðar stjórnirnar skrifa undir og hin þar sem formennirnir skrifa undir í votta viðurvist. Líklegt að seinni yfirlýsingin verði notuð, þ.e. nóg að formennirnir skrifi undir. Rætt um hvort rétt sé að koma inn setningu þar sem fram kemur að hvorugt félagið geti samið við borgina um framkvæmdir eða styrki án samþykkis beggja félaganna.
2. Tengsl við Fák. EG tilkynnti og óskaði eftir að það yrði bókað að hún myndi ekki tjá sig eða taka þátt í umræðum um öll þau erindi sem tengdust Fák. Kom þetta til vegna ósanngjarnra ásakana um að hún gengi erinda Fáks.
3. Reiðvegir og lokanir. Rætt um að nýta steina sem komu upp úr baðhúslóðinni til þess að koma fyrir við reiðstígana. Einar hjá Fák var búinn að segja að í upphafi snjómoksturstímans ætti að vera auðvelt fyrir sig að ýta þeim til hliðar.
4. Heimasíða. SG ætlar að ræða við Hallgerði hvort hún sé tilbúin í að taka að sér umsjón heimasíðurnnar.
5. Ný rétt. FK lagði fram tillögu að framkvæmdaleyfi fyrir nýrri rétt, sem hann vann í nafni sinnar teiknistofu. Mikilvægt að undirskriftir formanna/forsvarsmanna félaganna í Reykjavík og Kópavogi skrifi undir. FK mun laga framkvæmdaleyfið og koma á SG. Þessi vinna er unnin frítt að þessu sinni. Komi það í ljós að skipulagsyfirvöld í Kópavogi vilji fá deiliskipulagsgögn, verður að greiða fyrir þá vinnu.
6. Beitarhólf. Deiliskipulagt beitarhólf norðan Fjárborgar getur ekki verið algjörlega í okkar umsjá. Reykjavíkurborg og Fákur hafa kostað deiliskipulagsgerðina. FR kostaði gerðin fyrir norðan Fjárborg á sínum tíma. En þau eru engu að síður utan lóðar Fjárborgar.
7. Seinni leitir. Eitthvað vantar af fé, sem ekki komu fram í seinni leitum. Fjáreigendur eiga eftir að fylgjast með og leita áfram. ÁJ hefur tekið að sér að kaupa hey fyrir fjáreigendur sem nota Mjóadalstúni (áður Jens Pétur). Mun sjá um að rukka fjáreigendur beint. Ca. 40 kindur eru í Mjóadal og ca. 30 við Langavatn.
8. Leigjandi hjá A-16 hefur girt af stórt stykki fyrir austan Fjárborg, nokkuð austan við reiðveginn. Þetta er nokkuð sem Fjáreigendafélagið getur ekki sætt sig við og var rætt um að tilkynna þetta til borgarinnar þannig að það komi skýrt fram að þetta sé ekki á okkar vegum.
9. Rætt um að senda bréf til þeirra opinberu aðila sem sjá um heilbrigðis og umhverfismál á okkar svæði og kalla eftir úttekt á ástandinu. Hægt að bjóðast til að hitta úttektaraðila á staðnum, en sennilega best að þeir gerið úttektina óháð afskiptum stjórnar, þannig að ekki sé hægt að ásaka okkur um afskipti og áhrif.
10. Styrkir. SG velti upp hvort FR ætti ekki að sækja um styrki til starfsemi og eflingar sauðfjárræktar á svæðinu. Er mögulega hægt að sækja um styrki til Bændasamtakanna á þessum forsendum?



11. Höfuðborgargirðingin. Ljóst er og vitað að Höfuðborgarfréttargirðingin er ekki í lagi. Bréf hafði verið sent af einum félagsmanni á flesta fjáreigendur þar sem kvartað var yfir fé sem væri utan girðingar. Þetta er eitthvað sem Fjáreigendafélagið sem slíkt getur lítið gert við. Girðingarnar þurfa að vera heldar og er verið að vonast til að SSH og Vegagerðin sjái um að girða upp þennan hluta girðingarinnar á næsta ári.
12. Baðhúsgirðingin. Kominn er reikningur frá verktakanum. Hann reyndist mun hærri en áætlað hafði verið og í rauninni óeðlilega hár. 1.157.000 með afslætti. Mikilvægt að reyna að fá þetta ennþá neðar. Væntanlega hægt að nota fé úr fjallskilasjóði í þetta. Hér er ein sönnun þess að mikilvægt er að fá verðtilboð áður en farið er af stað í svona vinnu.
13. Bátur á lóð B-24. Búið er að finna út hver er skráður fyrir bátnum. Á björgunarhring mátti lesa HU 22 og reyndist Ágúst F. Sigurðsson, Hvammstanga, skráður fyrir bátnum. Hann var löngu búinn að selja hann og síðast reyndist báturinn í eigu Pólverja í Hafnarfirði. Lóðareigandi hefur fengið það verkefnið að reyna að koma bátnum í burtu.
14. Félagsgjöld. EG auglýsti eftir hvort stjórnarmenn þekktu nýja félaga, þannig að hægt væri að senda þeim innheimtu á félagsgjöldum? Ætlaði í framhaldi af fundinum að senda þau nöfn og upplýsingar sem hún hefur.
15. FK lagði til að við myndum fara að byrja undirbúning á lagabreytingum. Væri það hægt með því t.d. að taka fyrir 2 greinar á hverjum fundi á næstunni. Samþykkt að taka 3. og 4. grein laganna fyrir á næsta fundi. Mögulegt að heyra í þeim sem þekja til eða komu með viðkomandi á aðalfundinn. Þá kom upp staðan með símaskrána. Þarf að vera til, í það minnsta fyrir stjórn FR.

Listi yfir mál á borðum stjórnar sem eru í vinnslu eða í biðstöðu:

Fundur með borgarstjóra

Framkvæmdir á svæði Fjárborgar

Tiltekt og hreinsunarátak

Beitarhólf norðan fjárborgar, girða af og græða upp, nýting

„Jens Péturs tún“ nýting og hreinsun

Ný Fossvallarétt á Mosum

Vegagerð og SSH – girðingar

Sauðafell

Lagabreytingar

Næsti fundur ákveðinn miðvikudaginn 20. október kl. 18.30

Fundarritari Finnur Kristinsson.